1875
95 10da nóvbr.

þenna starfa, eða annara anna vegna eigi geta það, eður ef sæti í nefndinni síðar skyldi verða autt, að kveðja nýjan nefndarmann í hans stað.

Eins og bent er á í upphaflega nefndu brjefi herra landshöfðingjans skal nefndin hugleiða lögin um uppfræðingu barna og skóla í heild sinni og öll þau atriði, er standa í sambandi við þau, sjer í lagi kostnaðinn við stofnun nýrra skóla (einkum gagnvísindaskóla) aukna kennslu í skólum þeim, sem nú eru m. m. og semja tillögur um þær lagabreytingar, sem hún álítur hagkvæmar og samsvarandi menntunarstigi annara þjóða nú á dögum.

96 6tta desbr.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins í suður- og vesturumdæminu).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 30. dag október þ. á.. ritað mjer á þessa leið:

«Samkvæmt allra þegnlegustum tillögum ráðgjafans, er gjörðar voru eptir að þóknanlegt brjef yðar herra landshöfðingi frá 5. maí þ. á. var meðtekið, hefur með konungsúrskurði frá 25. þ. m. allramildilegast verið samþykkt, að Magnús Kristjánsson og þuríður Sigurðardóttir á Vestmannaeyjum innan suðurumdæmis Íslands, en þau eru bæði Mormónstrúar, megi verða gefin saman í borgaralegt hjónaband, þannig að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum gipti þau eptir fyrirmælum þeim, er ráðgjafinn gjörir samkvæmt lögum frá 13. apr. 1851, um hjónavígslu fyrir utan þjóðkirkjuna.

Jafnframt því að tjá yður herra landshöfðingi þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að tjá hlutaðeigöndum, að þeir eigi að gæta þess sem nú segir, með tilliti til tjeðrar hjónavigslu.

Þrem vikum áður en hjónin eru gefin saman, skal kunngjöra við kirkju, að svo sje til ætlazt, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum vígi þessi hjón, óg skal endurtaka þessa birtingu, ef lengri tími en 3 mánuðir líður frá henni, án þess að hjónin sjeu gefin saman. Vilji nokkur gjöra lagabann gegn hjónabandinu, verður að segja sýslumanninum til þess. Áður en hjónavígslan fer fram, skal embættismaður þessi fullvissa sig um, að birtingin hafi átt sjer stað, og þar að auki skal hann gæta alls þess, sem með tilskipun frá 30. apr. 1824, 3. gr. 1, 3.—6., 8.—10., og gr. 4, 8.—10. og 12. er lagt fyrir prest þann, sem ætlar að gipta hjón. Á degi þeim, sem hjónavígslan á að fram fara, og skal, ef mögulegt er, tiltaka hann eptir ósk hjónaefnanna, ber hlutaðeigöndum að koma í þinghúsið og sýslumaður skal þá fyrst brýna fyrir þeim þýðingu hjónabandsins, þar eptir spyr hann hvort þeirra fyrir sig, hvort það vilji giptast hvort öðru, og lýsir loksins yfir því, að þau sjeu gefin saman í rjett og löglegt hjónaband. Gjörðin á að fara fram fyrir opnum dyrum, skal kveðja 2 votta að henni, og rita hið nauðsynlega um hjónaband það, er þannig er stofnað, í hina venjulegu þingbók; en eptirrit eptir henni, staðfest með nafni og embættisinnsigli sýslumannsins, skal fá hjónunum sem skírteini um stofnun hjónabandsins, og ber einnig innan 8 daga að senda hlutaðeiganda sóknarpresti eptirrit til ritunar í embættisbók hans».

Þetta skal hjer með tjáð yður herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

Embættaskipunin.

Hinn 13. dag nóvembermánaðar hefur ráðgjafi konungs fyrir Ísland leyft, að prestaskólakennara sira Hannesi Árnasyni megi veita lausn frá að kenna dýrafræði og steinafræði í hinum lærða skóla í Reykjavík með því skilyrði, að tilsögn í þessum fræðigreinum verði tilhlýðilega veitt af öðrum kennara án sjerstakrar borgunar.

Hinn 25. dag s. m. skipaði landshöfðingi kandídat Stefán Jónsson til að vera prest Þóroddsstaðar og Ljósavatnssafnaða í Þingeyjarprófastsdæmi.

Óveitt prestakall.

Reynisþing í Vesturskaptafellsprófastsdæmi metið 647^{79} kr. auglýst 21. október.